

Sp.

360. Fyrirspurnir.

[159. mál]

I. Til fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Ingvari Gíslasyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Hve mikið hefur ríkisábyrgðasjóður greitt vegna ríkisábyrgða á árinu 1967, fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern aðila?
2. Hvaða einstaklingar og fyrirtæki skulda ríkisábyrgðasjóði í árslok 1967, og hver er skuld hvers um sig?

II. Til fjármálaráðherra um bifreiðaeign ríkisins o. fl.

Frá Ingvari Gíslasyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Hver er bifreiðaeign ríkissjóðs, sérstofnana ríkisins og fyrirtækja þess, sundurliðuð eftir tegundum og árgerðum?
2. Hvert er heildarverðmæti þessara bifreiða?
3. Hve margir og hverjir embættis- og sýslunarmenn ríkisins, sérstofnana þess og fyrirtækja njóta þeirrar aðstöðu að hafa bifreið til eigin nota, sem til þess er keypt og rekin fyrir opinbert fé?
4. Hverjar reglur gilda um not og umráð bifreiða opinberra embætta og stofnana utan venjulegs vinnutíma?
5. Eru bifreiðar í eigu ríkisins og ríkisstofnana auðkenndar með einhverjum hætti, svo sem tíðkast um bifreiðar Reykjavíkurborgar?
6. Hve margir og hverjir njóta bifreiðahlunninda í öðru formi af hálfu ríkisins, svo sem beinna fjárstyrkja til rekstrar einkabifreiða sinna?